Reykjavík,

27. 10.´26.

Til Skipulags og byggingarsviðs Hafnarfjarðar.

Dverghamrar ehf kt. 610786-1629, lóðarhafi Hvaleyrarbrautar 22 leggur nú inn til staðfestingar deiliskipulag af lóðinni sem unnið hefur

verið í náinni samvinnu við starfsfólk Skipulagssviðs. Farið hefur verið eftir forsögn þeirri sem gefin var við sölu lóðarinnar, þe varðandi

fjölda íbúða sem eru 58 talsins, hæðir húsa og fjölda bílastæða. Þá eru 3 atvinnurými á neðstu hæð á Lónsbraut, svo sem kveðið er á um.

Tillaga þessi hefur verið kynnt Skipulagi í þrígang, fékk góða leiðsögn eftir fyrstu kynningu, þá var formi breytt eftir ábendingu Skipulagsstjóra

og eftir það fékkst jákvæð umsögn. Meðfylgjandi eru ítarleg gögn með deiliskipulagsuppdrætti, skuggavarp á mismunandi tímum árs sem

og þrívíddarmyndir. Undirritaður hefur hannað mörg fjölbýlishús fyrir þetta góða hafnfirska fyrirtæki sem ber sömu kennitölu frá 1986, dáist

að dugnaði þeirra og metnaði og gleðst yfir framgöngu þeirra á tímum stöðnunar á byggingarframkvæmdum.

Er það von okkar að deiliskipulag þetta fái nú umfjöllun og afgreiðslu sem fyrst svo leggja megi inn aðaluppdrætti til samþykktar eftir áramót

gg vonandi hefja framkvæmdir á vormánuðum.

Með fyrirfram þakklæti og góðum kveðjum.

Guðmundur Gunnlaugsson arkitekt FAI, kt 190554-3419, s. 8987894

Teiknistofan Archus slf, Stórhöfða 17, 110 Reykjavík.